

103. Þingflokksfundur, mánudaginn 13. apríl 2015, kl. 13.00

Fundinn sitja: Alla, Birgitta, Helgi Hrafn, Jón Þór og Svavar Kjarrval. Berglind Rósa ritar fundargerð.

1. Bréf af þingflokksformannafundi

Helgi Hrafn brífaði af fundi þingflokksformanna.

2. Bréf af forsætisnefndarfundi

Jón Þór brífaði af fundi forsætisnefndar. Beiðni um gerð kostnaðarmats á vegum nefndarsviðs, vegna framkvæmdar lögleiðingar smásölu áfengis, var hafnað. Skipun nefndar um samningu stefnumarkandi frumvarpa og þingsályktunartillagna var samþykkt.

3. Dagskráin í dag

Farið var yfir dagskrá þingfundar í dag og verkum skipt. Jón Þór mun fara í óundirbúinn fyrirspurnartíma og spyr félagsmálaráðherra út í málefni eldri borgara.

4. Dagskrá næstu daga

Á morgun verður tekin fyrir þingsályktunartillaga um þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald viðræðna um aðild Íslands að Evrópusambandinu.

5. Bréf af nefndarfundum

Helgi Hrafn brífaði af fundi velferðarnefndar og Jón Þór af opnum fundi í efnahags- og viðskiptanefnd þar sem störf peningastefnunefndar voru á dagskrá.

6. Gunnar Ingiberg á fund v. veiðigjöld og Makríl

Áveðið að reyna fá Gunnar á þingflokksfund á miðvikudag.

7. Frumvörp um höfundarétt

Alla leggur til að halda stórann vinnufund einhvern tímann á næstu mánuðum.

8. 45. gr. umferðarlaga

Allir þingmenn flokksins samþykktir málinu. Helgi lagði til að málið verði rætt í samhengi við starf fíkniefnanefndar.

9. Rannsóknir á net neutrality

Birgitta sendi þingflokknnum tölvupóst um stöðu net neutrality í alþjóðasamfélaginu.

10. Mögulegar fyrirspurnir/störf þingsins

Almenn umræða um mögulega mál til að taka fyrir í störfum þingsins eða fyrirspurnum.

11. Önnur mál

Rætt var um kostnaðarmat vegna afnáms hafta. Fleira var ekki rætt.

Fundi slitið kl. 14.50.